

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

PISTILL RITSTJÓRA



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Ágætu lesendur, hér getur að líta Gátt 2016, þrettánda Gátt, ársrits um framhaldsfræðslu. Gátt er vettvangur umræðu um nám fullorðinna og starfsmenntun á Íslandi. Þau tölublöð sem þegar hafa komið út hafa hlotið góðar viðtökur. Prentuð eintök af fyrstu útgáfu ritsins, frá árinu 2004, eru uppurin en við finnum glögg, tólf árum síðar, að nú hefur þeim fjölgað sem nýta sér tækifæri til þess að hlaða niður einstökum greinum úr árgöngum ritsins af vef Fræðslumiðstöðvarinnar, www.frae.is. Les-

endahópurinn stækkar og verður fjölbreyttari með hverju riti. Leiðtogar, kennarar, ráðgjafar, stjórnendur og síðast en ekki síst námsmenn eru í þeim hópi. Ritstjórninni er kunnugt um að ritið er notað til kennslu um kennslufræði fullorðinna víðar en á námskeiðum Kennslufræðimiðstöðvar FA, til dæmis í að minnsta kosti þremur háskólum á landinu og fögnum við því.

Í riti ársins er að finna fjölbreytt efni, úrval greina sem við teljum að eigi erindi við þá sem koma að fræðslu fullorðinna á Íslandi. Hér er fjallað um fjölmörg verkefni, innlend og erlend, sem samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvarinnar vinna að. Meginmarkmið þeirra er að efla fullorðna og gera þeim kleift að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og í samfélaginu.

Á tímum sem þessum, þegar þúsundir flóttamanna streyma til Evrópu, verður ekki hjá því komist að fjalla um þær aðferðir sem beitt er á Íslandi til þess að kenna „ástkæra, ylhýra, málið“ og aðstoða þá sem hingað flytja við að laga sig að vinnumarkaði og samfélaginu. Í þessari Gátt er fjallað um rannsókn á námsskránni Landnemaskólans II, þar sem rýnt er í gerð og notkun námsskrárinnar. Í kennslumati koma fram jákvæð viðhorf þátttakenda ásamt ummælum um hvernig námið gagnaðist á afar margvíslegan hátt. Einnig er grein um samþættingu tungumálanáms og starfsþjálfunar fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Þá er grein um samstarfsverkefni Finna, Eista, Letta, Litháa

og Íslendinga sem ber yfirskriftina Lingua cafe. En það er, eins og nafnið bendir til, fjölmenningarmót á kaffihúsi, þar sem einstaklingar frá ólíkum löndum hittast yfir kaffibolla og velja sér ólík tungumál til tjáskipta. Þar gefst fólk af ólíkum uppruna tækifæri til þess að hittast, kynnast og skiptast á skoðunum.

Eins og hefð er fyrir, er í Gátt 2016 einnig umfjöllun um starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og greinar um raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og grunnleikni. Greinarnar bera þess vitni að við lifum á tímum örora breytinga og að hverjum einstaklingi er nauðsynlegt að efla stöðugt færni sína til þess að geta mætt áskorunum sem breytingunum fylgja. Sem starfsmenn gætum við til dæmis staðið frammi fyrir því að flytja á milli landa, verða að skipta um starfsvettvang þar sem krafist er nýrrar leikni og nýrrar hæfni og þurfa að leggja stund á nám að nýju. Við sem einstaklingar berum sjálf ábyrgð á að bæta okkur en hlutverk stjórnvalda er að skipuleggja og skapa skilyrði sem gera okkur það mögulegt.

Fyrir hönd ritstjórnarinnar vona ég að þetta 13. tölublað Gáttar verði kærkomin lesning þeim sem koma að námi fullorðinna. Lesendur eru hvattir til þess að láta skoðanir sínar í ljósi, gefa okkur ábendingar, senda okkur hugmyndir og taka virkan þátt í því að efla framhaldsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Fyrir hönd ritstjórnar vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn við útgáfu þessa rits.

Njótið lestursins!